

Evrópa – landsvæði

Nemendabók bls. 28–91

Í þessum hluta bókarinnar er fjallað um einstaka svæði í Evrópu. Hér verða ekki taldar upp hugmyndir að umræðuspurningum heldur eru listuð upp verkefni á vinnublöðum með hugmyndum að einstaklings- eða hópvinnu nemenda um þessi landsvæði.

Hugmyndin er að mynda sérfræðihópa. Nemendur velja sér land eða kennari skiptir löndum á milli nemenda þannig að öll lönd þessara svæða verði tekin til umfjöllunar. Nemandi eða nemendahópur verður þannig sérfræðingur í sínu landi með því að vinna ítarlega kynningu á landinu og kynna það fyrir bekkjarfélögum.

Ekki eru beinar spurningar úr bókinni um hvert land heldur nokkrar almennar spurningar um landsvæðin, orðapraut og teikning og að lokum nokkrar valspurningar um einstaka efni tengt kaflanum.

Hugmynd hér er að nemendur búi til spurningar um það sem þá langar til að vita um hin löndin, það er þau lönd sem þeir eru ekki að fjalla um sjálfir. Þær spurningar eru svo lagðar fyrir þann nemandu sem fjallar um landið þegar hann kynnir sitt land. Sérfræðingahópur hvers lands reynir að svara þeim spurningum sem beint er til þeirra.

Norðurlönd

Bls. 28–37

Í kaflanum er fjallað um:

- Landshætti og náttúrufar.
- Söguágrip og menningu.
- Atvinnuhætti og náttúruauðlindir.
- Stjórnarfar.
- Samgöngur.
- Lýðfræði.
- Samvinnu og sérstöðu.

Markmið

Nemandi

- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna
- þekki helstu örnefni; stærstu borgir, ár, vötn, eyjar, skaga, höf og fjallgarða
- átti sig á landslagi og náttúruferðum á Norðurlöndum og hvernig það hefur mótast
- geri sér grein fyrir samskiptum og samvinnu á milli Norðurlandanna
- þekki ólík menningarsvæði
- þekki til helstu náttúruauðlinda og orkugjafa
- þekki til helstu atvinnuvega og búsetumynsturs
- átti sig á samgöngum á Norðurlöndum
- geti útskýrt af hverju fólk ferðast og flytur á milli landa
- geti aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landsvæði eftir mismunandi leiðum, í t.d. bókum, dagblöðum, á Netinu, úr tölfræðigögnum, kortum eða með viðtölum

